



Kjósarhreppur

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023-2026, GREINARGERÐ

SVEITARSTJÓRN KJÓSARHREPPS

SEINNI UMRÆÐA 15. DESEMBER 2023

Innihald

Inngangur	2
Forsendur	2
Skatttekjur	3
Laun og launatengd gjöld	4
Málaflokkar.....	4
Félagsmál.....	5
Fræðslu og uppeldismál.....	5
Menningarmál	6
Æskulýðs og íþróttamál	6
Brunamál og almannavarnir	6
Hreinlætismál	6
Skipulags- og byggingamál.....	7
Umferðar- og samgöngumál.....	7
Umhverfismál	7
Atvinnumál	7
Sameiginlegur kostnaður	7
Eignasjóður rekstur.....	8
Kjósarveitur	8



Inngangur

Kjósarhreppur er vaxandi sveitarfélag sem nýtur þeirrar sérstöðu að vera sveit í nálægð við borg. Fjölgun íbúa ber þess merki að margir sjá það sem vænlegan kost að geta búið í kyrrðinni og í nálægð við náttúruna en geta sótt vinnu til borgarinnar eða unnið að heiman. Óneitanlega fylgja því vaxtaverkir þegar sveitarfélag stækkar hratt. Miklar breytingar eru að verða á rekstri sveitarfélagsins samfara auknum kröfum. Óhætt er að segja að sorpmálin verði stærsta áhersluverkefnið árinu 2023 með innleiðingu nýrra laga um úrgangsmál sem taka gildi 1. janúar nk..

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 miðar að því að skila hallalausum rekstri. Útlit er fyrir að reksturinn á árinu 2022 verði með meiri halla en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2022 og við því þarf að bregðast m.a. með hækkun sorpgjalda umfram vísitöluhækkun og hækkun útsvars. Það er ekki létt ákvörðun að fara í þessar hækkanir en ef að sveitarfélagið á að geta sinnt sínum lögboðnu hlutverkum án þess að sveitarsjóður verði rekinn með halla þriðja árið í röð þarf að fara í þessar hækkanir.

Forsendur

Lagavísanir og skilgreiningar: Fjárhagsáætlun Kjósarhrepps fyrir árið 2023 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2024–2026 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa sveitarfélagsins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A-hluta eru milli-viðskipti vegna innri leigu og fasteignaskatta jöfnuð út á milli stofnana. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæðar rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og eru fjármagnaðar með þjónustutekjum.

Í lögum um opinber fjármál er lögð áhersla á að fjárhagsáætlanir skuli byggðar á traustum forsendum um efnahagsmál. Í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlana skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Ísland þar sem við á. Nýleg spá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að vísitala neysluverðs (verðbólga) verði 5,6% á árinu 2023 sem er 0,7% hærra er spár Hagstofunnar gerðu ráð fyrir í sumar. Í sömu spá gerir Hagstofan ráð fyrir að launavísitalan verði 5,9% sem er sömuleiðis hækkun frá fyrri spá.

Í fjárhagsáætlun Kjósarhrepps fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki til samræmis við verðlagsvísitölu, þ.e. um 5,6%. Sömuleiðis er gert ráð fyrir að laun hækki um 5,9%.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2023

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta er jákvæð um 8.5 m.kr.
- Skuldahlutfall verði 80 % í árslok 2023.
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta er 60.3 m.kr.
- Útsvarsprósenta 14.00% .



- Álagning fasteignagjalda lækkar úr 0,35% í 0,33%. Með þessari lækkun er verið að spyrna við því að hækkun fasteignamats hafi áhrif á fasteignaskatta í Kjósarhreppi umfram verðbólgu. Afsláttur til eldri borgara og lífeyrisþega helst óbreyttur.
- Almennt er gert ráð fyrir að gjaldskrá A hluta fyrir árið 2023 hækki um 5,6 %.
- Sorpgjöld hækka um 20%
- Áætlaðar fjárfestingar hitaveitu í varanlegum rekstrarfjármunum nema nettó um 24 m.kr.

Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar og fasteignaskatt. Aðrar tekjur með skattaígildi eru lóðaleiga.

Útsvar: Gert er ráð fyrir að útsvar hækki um 0,27% Útsvarshlutfall verður 14% á árinu 2023. Áætlað er að útsvarstekjur vegna 2023 nemi um 202 m.kr. Áætlun útsvarstekna er byggð á útreikningum Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Framlög úr Jöfnunarsjóði: Kjósarhreppur fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna grunnskóla, sérparfa fatlaðra nemenda og framlög til jöfnunar fasteignatekna. Áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga liggur að stærstum hluta til fyrir. Gert ráð fyrir að fjárhæð framlaga nemi alls tæpum 19,5 m.kr. sem er töluverð hækkun frá síðasta ári.

Fasteignagjöld: Stofn til útreiknings fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis á árinu 2023 miðast við fasteignamat eigna sem birt var 1. júní 2022. Endurmat ársins, matsbreytingar og nýjar eignir leiða til þess að matsstofn Kjósarhrepps verður samkvæmt eftirfarandi töflu.

Flokkur	Hlutfall	Heiti	Upphæð
A	0,33%	Fasteignaskattur almennt	75.025.539
B	1,32	Fasteignaskattur opinbert húsnæði	417.384
C	0,35	Fasteignaskattur atvinnuhúsnæði	484249
		Afsláttur til edri borgara	-1.648.033
		Samtals til innheimtu	74.279.139

Afsláttur af fasteignagjöldum: Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega er vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi. Niðurfellingin er tekjutengd og tekur einungis til fasteignaskatts. Afsláttur í fjárhagsáætlun 2023 er áætlaður 1.648.033 m. kr.

Tekjutengdur afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega álagningarárið 2023				
Afsláttur	Einstaklingar		Hjón/ fólk skráð í sambúð	
100%	-	5.943.723	-	7.594.768
75%	5.943.724	6.075.807	7.594.769	8.123.088
50%	6.075.808	6.207.888	8.123.089	8.652.603
25%	6.207.889	6.307.461	8.652.604	9.179.750



Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður er áætlaður út frá núverandi stöðugildum og starfsmönnum og tekur mið af gildandi kjarasamningum. Í áætluninni er stuðst við spá hagstofunnar þar sem launavísitöluhækkun er spáð 5,9% hækkun á launavísitölu. Á skrifstofu sveitarfélagsins starfa 5 starfsmenn í 3,9 stöðugildum.

Starfsheiti	Stöðugildi
Aðalbókari	0,8
Fulltrúi	0,5
Hitaveitustjóri	0,8
Skipulag- og byggingafulltrúi	0,8
Þrif á Ásgarði	0,15
Sveitarstjóri	1
Samtals skrifstofa	4,05
Starfsmenn í Móttökustöð samtals	0,65

Málaflokkar

Áætlað er að heildartekjur fyrir A- og B-hluta á árinu 2023 verði 447.2 m. kr. og að áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði verði 376.8 m. kr. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 70.4 m. kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir neikvæðir sem nemur tæplega 40.6 m. kr., þannig að áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2023 jákvæð um 8 m. kr.

Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar 941.2 m. kr. í árslok 2023. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 639.2 m. kr. og eigið fé 302 m. kr.

Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu sveitarfélaga til að standa við skuldbindingar sínar utan rekstrar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri til fjárfestinga og til að greiða skuldir. Á árinu 2023 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði um 60.3 m. kr., sem er um 13 % af heildartekjum.



Hlutfall málflokka í rekstri aðalssjóðs



- | | |
|---------------------------------------|---------------------------------|
| ■ 02 Félagsþjónusta | ■ 03 Heilbrigðismál |
| ■ 04 Fræðslu- og uppeldismál | ■ 05 Menningarmál |
| ■ 06 Æskulýðs- og íþróttamál | ■ 07 Brunamál- og almannavarnir |
| ■ 08 Hreinlætismál | ■ 09 Skipulags- og byggingarmál |
| ■ 10 Umferðar- og samgögnumál | ■ 11 Umhverfismál |
| ■ 12 Atvinnumál | ■ 21 Sameiginlegur kostnaður |
| ■ 28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | |

Félagsmál

Kjósarhreppur er með samning við Mosfellsbæ um félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk í samræmi við lög nr. 59/1992 með síðari breytingum. Hefur það samstarfið við félagsþjónustu Mosfellsbæjar reynst farsælt og stefnt er á að endurnýja þann samning. Áætlaður kostnaður vegna félagsmála er 28.m.kr., byggist áætlun á áætluðum framreiknuðum kostnaði ársins 2022. Erfitt er að áætla þennan málaflokk með einhverri vissu þar sem hann byggir á þeirri þjónustu sem þörf er á hverju sinni.

Áætlað til þjónustu við fatlað fólk er 17 m.kr. á árinu 2023, gert er ráð fyrir 1,4 m.kr. endurgreiðslu frá jöfnunarsjóði. Ljóst er að enn þá vantar mikið uppá að ríkið greiði í gegnum jöfnunarsjóðinn það sem því ber í þessum málaflokki. Nýlega var samþykkt að auka framlög til sveitarfélaganna sem dugar þó ekki til, ekki er tekið tillit til þess í áætluninn þar sem þær tölur liggja ekki fyrir.

Áfram er gert ráð akstursþjónustu við aldraða og félagslegri heimaþjónustu.

Fræðslu og uppeldismál

Gert er ráð fyrir að tæplega helmingur allra útgjalda fari til fræðslu og uppeldismála, samtals um 112.6 m.kr. Áfram er gert ráð fyrir að börnin í Kjósarhreppi sæki skóla og leikskóla utan sveitarfélagsins. Skólaakstur verður eins og áður og áfram verður boðið uppá akstur í félagsmiðstöðina Flógyn á Kjalarnesi.

Leikskóli: Börnum á leikskólaaldri er að fjölga í Kjósarhreppi. Í áætlun fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir 9 barngildum á leikskóla. Að meðaltali er Kjósarhreppur að niðurgreiða hvert leikskólapláss um 327 þ.kr. á mánuði.

Grunnskóli: Börn í Kjósarhreppi stunda flest nám í Klébergsskóla á Kjalarnesi. Mjög gott samstarf hefur verið á milli skólans og sveitarfélagsins og ríkir ánægja með samstarfið. Í áætlun fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir 21,5 barngildum á grunnskólaaldri. Þar sem sveitarfélagið greiðir með hverju barni getur fækkun eða fjölgun barna haft töluverð áhrif á raunverulegan kostnað. Gert er ráð fyrir 112,6 m.kr. til málaflokksins.



Menningarmál

Undir þennan lið falla m.a. viðburðir eins og Kátt í Kjós, Aðventumarkaðurinn og bókasafnið. Kjósarhreppur hefur stutt myndarlega við þessa góðu menningarviðburði og gerir það áfram. Samtals til málflokksins er gert ráð fyrir 4.2 m.kr.

Æskulýðs og íþróttamál

Undir þennan málflokk fellur vinnuskólinn og styrkir til frístunda barna og unglinga. Áfram er lögð áhersla á að styðja við tómstundastarf til barna og unglinga. Kjósarhreppur veitir foreldrum/forráðamönnum barna 3-18 ára sem eru með lögheimili í Kjósarhreppi, frístundastyrk vegna þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Meginmarkmið frístundastyrkja er að öll börn og ungmenni á aldrinum 3-18 ára í Kjósarhreppi geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag og félagslegum aðstæðum.

Samtals er gert ráð fyrir 4.7 m.kr. til málflokksins.

Brunamál og almannavarnir

Kjósarhreppur er með samning við Slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu, gert er ráð fyrir 1.7 m.kr. vegna hans. Að auki falla undir þennan málflokk hlutdeild í almannavörnum, búnaður og leiga á húsnæði undir búnað, samtals 2.1 m.kr.

Hreinlætismál

Sorpgjöld: Þjónustugjöld sem sveitarfélög innheimta fyrir meðhöndlun úrgangs eiga að standa undir öllum kostnaði sveitarfélagsins við málflokkinn. Þannig hefur það ekki verið undanfarin ár og úr því þarf að bæta. Gert er ráð fyrir að sorpgjöld hækki um 20% til að mæta verulegri hækkun á kostnaði við sorphirðu, þessi hækkun dugar þó ekki til að málflokkurinn standi undir sér. Vonir standa til að hægt verði að stoppa að einhverju leiti í gatið með góðu og samstillti átaki sveitarfélagsins og íbúa í flokkunarmálum. Áætlaður kostnaður við úrgangsmál á árinu 2023 er 35.7 m.kr. en áætlaðar tekjur af sorpgjöldum eru 22.7 m.kr.

Ný lög um flokkun úrgangs taka gildi um næstu áramót. Stóra breytingin er að nú þurfa allir að flokka lífrænan úrgang sér. Gert ráð fyrir að með vorinu fái heimilin í Kjósarhreppi nýja tunnu í stað svörtu tunnurnar sem þeir eru með núna. Sú tunna er tvískipt og tekur á móti annars vegar lífrænum úrgangi og hins vegar almennu úrgangi, þannig að áfram verða 3 tunnur við heimili þó flokkarnir verði fjórir. Þessu til viðbótar eiga heimilin að flokka sér, málma, gler og textíl (föt) sem þarf að skila á næstu grenndarstöð.

Kjósarhreppur byrjaði á síðasta ári að undirbúa innleiðingu laganna með því að setja upp grenndarstöðvar í sveitarfélaginu en á þessu ári er gert ráð fyrir að loka innleiðingin verði með aukinni kröfu um flokkun á úrgangi. Lögunum fylgir aukinn kostnaður en þó er gert ráð fyrir að Innflytjendur og framleiðendur greiða fyrir endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun (úrvinnslu) þeirra umbúða sem þeir setja á markað þegar innleiðingin er lokið. Þetta eru skyldur sem Íslendingar hafa gengist undir með þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu.

Rotþróargjöld: Kjósarhreppur innheimtir gjald vegna hreinsunar á rotþrómi í sveitarfélaginu. Eigendum frístundahúsa, íbúðarhúsa og annarra fasteigna í Kjósarhreppi er skylt að hafa



tengda rotþró og greiða árlegt rotþróargjald, sbr. 5. gr. samþykktar nr. 183/2007 um hreinsun og losun rotþróa í Kjósarhreppi.

Rotþróargjald skal vera kr. 15 þ.kr. og er það árlegt gjald fyrir hvert íbúðarhús, fristundahús eða annað húsnæði sem skylt er að tengja við rotþró. Rotþró skal hreinsuð á þriggja ára fresti og miðast á lagt gjald við að kostnaður við hverja hreinsun sé kr. 45 þ.kr.

Vegna aukalhreinsunar greiðir fasteignaeigandi kr. 48. þ.kr Ef fara þarf sérstaka ferð í auka hreinsun leggst akstur ofan á gjaldið. Á árinu sem er að líða var kostnaður sveitarfélagsins töluvert umfram tekjur. Unnið er að endurskipulagningu hreinsana í samstarfi við Þjónustuaðilann til að draga úr sívaxandi kostnaði við þennan málflokk.

Samtals er áætlað til þessa málflokks 12.6 m.kr.

Skipulags- og byggingamál

Í fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir 18,4 m.kr. til málaflokksins. Aukinn þungi er að færast á þennan málaflokk samhliða vaxandi uppbyggingu í sveitarfélaginu. Ekki er búið að taka ákvörðun um hvort farið verður í endurskoðun aðalskipulags og því er ekki að svo stöddu áætlað fjármagn til þess. Verði ákveðið að fara í endurskoðun er gert ráð fyrir að gerður verði viðauki um það.

Umferðar- og samgöngumál

Undir þennan málflokk falla göngu- og hjólastígar, umhverfismerkingar viðhald gatna og snjómokstur. Síðastliðin vetur var snjóþungur og því kostnaðarsamur fyrir sveitarfélagið. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir minni kostnaði við snjómokstur. Gert er ráð fyrir að fara í viðgerð á innkeyrsluna að Ásgarði sem er orðin illa farin. Að auki eru áætlað fyrir lagningu stíga og umhverfismerkingum. Samtals er áætlað til þessa málflokks 11,9 m.kr. og vegur þar þyngst snjómoksturinn.

Umhverfismál

Í þennan málflokk er gert ráð fyrir að setja 2,6 m.kr. Undir þennan málflokk falla minka og refaveiðar ásamt fegrun umhverfisins í Kjós.

Atvinnumál

Í þennan málflokk er gert ráð fyrir að setja 2 m.kr. Undir þennan málflokk fellur m.a. samfélagsstyrkur Allir einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki vegna sérstakra viðburða eða verkefna í sveitarfélaginu, m.a. vegna hátíða, hreinsunarátaka, nágrannavörslu, hvatningaverðlauna o.fl. Ekki er gert ráð fyrir að styrkir standi undir rekstrarkostnaði til þess er áætlað 1.6 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir 400 þ.kr. til landbúnaðarmála.

Sameiginlegur kostnaður

Skrifstofa Kjósarhrepps er miðstöð sveitarfélagsins og leysir af hendi þau verkefni sem falla undir fjármál, þjónustu og þróun í sveitarfélaginu. M.a. kostnaðar sem fellur undir þennan málflokk er Laun sveitarstjóra, aðalbókara og sveitarstjórnar, samstarf sveitarfélaga, endurskoðun, ársreikningagerð, flestir þjónustusamningar, leyfamál og skjalavistun.

Kjósarhreppur er þátttakandi í samstarfi sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu með fjármögnun stafræns umbreytingarteymis hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.



Verkefnin eru:

Stafrænir innviði: Microsoft leyfamál, einfaldari skjalavistun og rafræn skil til Þjóðskjalasafns.

Sameiginleg þjónustupróun: Sameiginlegt spjallmenni, umsókn um félagslegt leiguhúsnæði á Ísland.is.

Deiling og uppsetning opinna stafrænna lausna á stafræn.sveitarfelög.is: Sorphirðudagatal, reiknivél leikskólagjalda, reiknivél húsnæðisstuðnings, reiknivél fasteignagjalda, reiknivél frístundagjalda, ábendingagátt.

Gert er ráð fyrir að til þessa málaflokks falli 72,2 m.kr.

Eignasjóður rekstur

Ásgarður: Í Ásgarði er aðsetur stjórnýslunnar í Kjósarhreppi. Auk þess eru leigð út skrifstofu aðstaða til tveggja aðila og íbúð á annarri hæð. Húsnæðið er í ágætu standi en ljúka þarf lagfæringum á gólfi þar sem nú er bókasafn.

Félagsgarður: Félagsheimilið Félagsgarður er leigður út til þriðja aðila. Húsið er í nokkuð góðu ástandi en skipta þarf um gler í flestum gluggum. Í fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir að fara í fyrsta áfanga þess verkefnis og 3 m.kr.

Aðrar eignir í eignasjóði eru Möðruvellir, móttökuhús á gámaplani ofl. , Möðruvallarétt, Hitaveituhola í Brynjudal, Ásgarðslandið og Birkihlíð/lóð.

Kjósarveitur

Fyrirhugað er að klára vinnu við nýlagnir í hverfi við Langamel í landi Hvammsvíkur á næsta ári. Þá er átt við vinnu við stofnlögn sem mun tengjast í landi Háls og staðsett rétt við gámaplanið. Sá stofn mun liggja samsíða þjóðveginum í landi Háls og Hvammsvíkur. Verið er að leggja lokahönd á hönnun og eftir það verða lagnir boðnar út. Við þetta bætist að tengja þau 32 hús sem væntanlega verða komin í byggingu. Ásamt þessu gera Kjósarveitur ráð fyrir 20 heimtaugum hér og þar um Kjósina. Það er svipaður fjöldi og á árinu 2022. Innleiðing snjallmæla fyrir íbúðarhús er komin af stað og fyrirséð að nokkuð mikil vinna fylgi því, Snjallmælum verður komið upp við hús sem byggð verða á Langamel, ásamt því að tengja snjallmæla við bókhaldskerfi veitunnar. Hnitsetning veitunnar er í gangi og unnið að því að ná inn á kortasjá öllum lögnum hitaveitunnar. Kjósarveitur eru með verkefni í gangi hjá Ísor sem snýr að því að tryggja vatnsöflun fyrir veituna komandi misseri, það er staðsetja mögulega næstu borholu. Þess utan er viljayfirlýsing við Varmaorku til skoðunar um mögulega rafmagnsframleiðslu á borholu mv24, Má reikna með því niðurstaða fáist fljótlega eftir áramót um hvort verkefnið sé arðbært.

Það er mikilvægt fyrir Kjósarveitur að sjá fyrir möguleika á orkuöflun , sér í lagi þar sem fjölgun notenda verður á á næstu tveimur til þremur árum, með uppbygginu á landi Hvammsvíkur og í landi Eyrar þar sem búið er að kynna mögulega uppbygginu 60 lóða. Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða hitaveitunnar verði neikvæð um 8.4 m.kr.



